

miklir menn kyntu sér skoðanir þeirra, og varð það til þess að nokkur hluti þeirra, rúmlega 7,000 fluttu til Canada 1899, en um 12,000 sem ekki vildu flytja burt, urðu eftir heima. Canadastjórn fékk þeim land í Saskatchewan-fylkinu og þar hafa þeir búið síðan og stunda eingöngu akuryrkju. Leiðtogi nýlendunnar heitir Pétur Verigin. Hann kom vestur nokkru á eftir aðalflokknum, eftir að hafa verið látin laus úr námunum í Síberfu, þar sem hann var mörg ár í útlegð.

Trúarskoðanir Doukhoboranna eru í flestu lískar kenningum orbóðox kristinna kyrkna, en þó að sumu leyti all mikið frábrugðnar þeim. T.d. leggja þeir enga áherzlu á þrenningarkenninguna, en virðast heldur ekki neita henni. Þeir trúu á einn guð, og Jesús Kristur segja þeir að hafi verið andi guðrækninnar og hreinleikans í mannsmynd. Hann var guðs son, en allir menn eru guðs synir í sama skilningi. Biblfunna má ekki skilja bókstafslega, heldur verður að lesa hin innri andlegu sannindi út úr orðunum. Orð biblunnar hafa ávalt minna gildi heldur en hið "lifandi orð", sem þýðir bæði hið innra ljós í hverjum manni og munnlegar kenningar leiðtoga þeirra. Kyrkjusiði gefa þeir lítið fyrir. Alt veraldlegt vald, svo sem lögreglu og dómstóla telja þeir einsgís virði. Akuryrkja er eini atvinnuvegurinn, sem menn ættu að stunda. Þeir neyta ekki kjöts, áfengis eða tóbaks, og telja alla jafna að tign.

Undir stjórn Verigins vegnar þeim vel og hafa komist í allgöðar kringumstæður. Nokkur hluti þeirra viðurkennir þó ekki hann sem leiðtoga sinn og er yfirleitt ekki eins ákveðinn með súr eignar-hugmyndini og hans flokkum, sem hefir bæði land og annað í sunnar-einingu. Oft hefir sú skoðun þeirra, að þeim beri engum að hlýða nema leiðtoga sínum og ýms trúarofstækis tiltæki komið þeim í kast við lögregluna. En yfirleitt eru þeir friðsamir og 'itið um lög-brot meðal þeirra.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert súni, auk kápu og auglýsinga. Kostar  
EINN DOLLAR um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únitariska Kyrkjufelagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUNEFND :

Rögnv. Pétursson, ritstjóri, Guðm. Árnason, Ó. Pétursson, ráðsmaður.  
533 Agnes St.

45 Aikins Bldg.

THE VIKING PRESS LTD.

Entered at the Post Office of Winnipeg as second class matter.